



**Leiðbeiningar
fyrir
umsækjendur
2011**

AVS rannsóknasjóður
í sjávarútvegi

Efnisyfirlit

Verklagsreglur AVS	5
Verkaskipting faghópa	9
Leiðbeiningar varðandi umsókn	11
Mat á umsóknum	15
Samningur AVS og umsækjenda	17
Skil á niðurstöðum til AVS	21
Tirauna- og lokaskýrslur	22
Framvinduskýrslur og framhaldsumsóknir	24
Lokamatskýrsla	25
Til minnis við skil á gögnum til AVS	27

Átaksverkefni 2011

- Styrkir til að vinna að vöruþróun og nýsköpun
- Styrkir til að flytja inn nýja þekkingu eða fyrirtæki
- Styrkir til að ráða mastersnema eða doktorsnema

Verklagsreglur AVS

AVS rannsóknasjóður starfar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðuneytisins og tekur á móti umsóknum um styrki til verkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs. Lagt er faglegt mat á umsóknir og byggt á því leggur stjórn AVS fram tillögur um úthlutun styrkja til sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðherra, sem veitir styrki til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis.

AVS rannsóknasjóður tekur á móti umsóknum vegna:

- Rannsókn- og þróunarverkefna
- Smáverkefna, forverkefna
- Þorskkvóta til áframeldis

Styrkir AVS rannsóknasjóðs eru til hagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókn-, þróunar- og háskólastofnunum. Stjórn sjóðsins forgangsraðar styrkjum til rannsókna í þágu verkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins.

Umsækjendur eru hvattir til að leita eftir samvinnu einstaklinga, fyrirtækja og/ eða stofnana og háskóla.

AVS rannsóknasjóður gerir kröfu um að séð sé fyrir endann á fjármögnun verkefnisins eða verkhlutans, sem sótt er um styrk til.

AVS rannsóknasjóður gerir kröfu um að niðurstöður séu birtar og hafðar aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Veittir eru styrkir til eins árs í senn en verkefnin geta verið til mismunandi langs tíma eða frá einu ári upp í þrjú, en senda skal inn framhaldsumsókn/ framvinduskýrslu á hverju ári fyrir framhaldsverkefni.

Rannsókn- og þróunarverkefni

Verkefni sem eru til 1-3 ára.

Hámarksstyrkur fyrir hvert ár er 6-8 milljónir kr., en getur verið hærri í sérstökum og viðamiklum öndvegisverkefnum. Almennt er miðað við að hlutur styrks AVS rannsóknasjóðs verði ekki hærri en sem nemur 50% af heildarkostnaði verkefnisins.

Æskilegt er að verkefni séu samstarfsverkefni einstaklinga, fyrirtækja og/eða rannsóknastofnana og háskóla.

Umsóknafrestur er 1. febrúar 2011 og skal skila umsókn rafrænt á netfangið avs@avs.is fyrir kl 17:00 og senda síðan undirritaða umsókn til:

AVS rannsóknasjóðs
Pósthólf 1188
121 Reykjavík

Á árinu 2011 er lögð áhersla á styttri verkefni og munu umsóknir þar sem verkefni eru til skemmi tíma en 12-18 mánaða að öllu jöfnu njóta forgangs. Lögð verður mikil áhersla á verkefni sem skila verðmætum og störfum fyrir íslenskan sjávarútveg.

Átaksverkefni 2011

Styrkir til að vinna að vöruþróun og nýsköpun

AVS sjóðurinn hefur stutt mörg verkefni, sem geta skilað umtalsverðum verðmætum ef skapaðar eru réttar aðstæður. Mikilvægt er að velja þær rannsóknir sem eru lengst á veg komnar og koma afurðum þeirra verkefna í verðmæti, nýjar vörur, ný störf og aukin verðmæti fyrir sjávarútveginn.

Verkefnið sem sótt er um getur verið byggt á fyrri rannsókn- og þróunarverkefnum sem AVS sjóðurinn hefur styrkt, en ný og sjálfstæð verkefni eru alls ekki útilokuð.

Styrkurinn getur verið til þess að ráða sérfræðinga tímabundið eða til að kaupa þjónustu.

Verkefni sem hægt er að ljúka á skömmum tíma njóta að öllu jöfnu forgangs. AVS sjóðurinn er tilbúinn til að greiða allt að 50% af kostnaði verkefnisins, en hámarksstyrkur er 8 m.kr.

Opið er fyrir allar hugmyndir sem auka verðmæti sjávarfangs svo sem orkusparandi veiðiaðferðum, vistvænni veiðitækni, fullvinnslu, nýjum afurðum, nýrri tækni, aukinni nýtingu, matarferðamennsku, hönnun, fiskeldi, nýjum tegundum eða öðru því sem getur skila styrkþegum verðmætri afurð á stuttum tíma.

Styrkir til að flytja inn þekkingu eða fyrirtæki

AVS sjóðurinn er tilbúinn til að styrkja fyrirtæki eða einstaklinga til að leita að nýjum framleiðslueiningum, framleiðslufyrirtækjum eða þekkingu erlendis og flytja til Íslands.

Í þessu tilviki er mikilvægt að um sé að ræða nýjung á Íslandi og að á ferðinni sé fyrirtæki eða þekking sem eykur fjölbreytileikan í íslenskum sjávarútvegi, skapi aukin verðmæti og ný störf.

Nauðsynlegt er að fyrir liggja ákveðnar hugmyndir um möguleika þannig að ekki er hægt að sækja um óskilgreind tækifæri.

Mikilvægt er að verkefnið verði unnið á skemmri tíma en 12-18 mánuðum og að þeim tíma liðnum liggja fyrir fullmótaðar áætlanir um flutning þekkingar eða fyrirtækis.

AVS sjóðurinn er tilbúinn til að greiða allt að 50% af kostnaði verkefnisins, en hámarksstyrkur er 6 m.kr.

Styrkur er ekki ætlaður til fjárfestinga.

Styrkir til að ráða mastersnema eða doktorsnema

Mastersnemar og doktorsnemar eru oft á tíðum að vinna að mikilvægum rannsókn- og þróunarverkefnum fyrir íslenskan sjávarútveg undir leiðsögn færustu sérfræðinga. Slík verkefni geta nýst fyrirtækjum í leit að nýrri tækni eða nýjum lausnum. Mikilvægt er að tengja saman háskóla og fyrirtæki og er AVS sjóðurinn tilbúinn til að styrkja verkefni þar sem ráðning nemanda er hluti af kostnaði verkefnisins.

Styrkirnir eru til fyrirtækja sem hyggjast ráða nemanda til afmarkaðs verkefnis. Verkefnið verður að vera hluti af framhaldsnámi þeirra og verkefnið verður að geta skapað aukin verðmæti sjávarfangs.

Um getur verið að ræða verkefni sem:

- * Miða að því að bæta núverandi vörur fyrirtækis eða þróa nýjar
- * Efla markaðssetningu eða komast inn á nýja markaði
- * Þróa ferla sem auka framleiðni, bæta gæði, auka afköst o.fl.

Lögð er áhersla á stutt og hnitmiðuð verkefni og njóta þau verkefni að öllu jöfnu forgangs sem geta skila afurð á sem stystum tíma.

AVS sjóðurinn er tilbúinn til að greiða allt að 50% af kostnaði verkefnisins, en hámarksstyrkur er 6 m.kr.

Smáverkefni - forverkefni

Verkefni til skemmri tíma en eins árs og sem geta verið til undirbúnings stærra verkefnis.

Hámarksstyrkur er 1 milljón kr. og getur hlutur styrks AVS rannsóknasjóðs aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af heildarkostnaði verkefnisins.

Umsóknafrestur: Sjá nánar á heimasíðu sjóðsins

Samstarf AVS og Tækniþróunarsjóðs:

1. Hægt er að sækja um styrk vegna sama verkefnis til AVS og Tækniþróunarsjóðs.
2. Sameiginlegur styrkur frá sjóðunum er aldrei hærri en sem nemur 70% af kostnaðaráætlun.
3. Verkefnisumsóknin verður að vera að öllu leyti eins til beggja sjóða, t.d. hvað varðar heiti, verkþætti, kostnaðaráætlun ofl.
4. Umsækjendur verða að greina frá því í umsókn að sótt er um til beggja sjóða.
5. Umsækjendur geta sótt um allt að 50% fjármögnun til beggja sjóða, en sameiginlegur styrkur sjóðanna verður ekki hærri en 70%.
6. Sjóðirnir munu semja um skiptingu ef fyrir liggur að báðir sjóðirnir munu styrkja sama verkefnið
7. Ef annar sjóðurinn styrkir og hinn hafnar umsókn þá stendur 50% stuðningur ef ekki er samið um annað.

Verkaskipting faghópa

Umsóknir eru metnar af fjórum hópum sérfræðinga og er það umsækjenda að velja matshóp sem hentar best þeirra umsókn. Samstarf er á milli hópa þannig að ef umsóknir tengjast hugsanlega fleiri en einum hópi þá geta umsóknir verið metnar af fleiri faghópum en einum.

Fiskeldi

Faghópur í fiskeldi tekur til umfjöllunar verkefni sem tengjast eldi almennt óháð tegundum. Hópurinn metur m.a. verkefni er fjalla um tilraunir með ákveðnar eldistegundir, rannsóknnum á sjúkdómum, fóðri, eldisaðstæðum ofl.

Fiskeldishópur AVS hefur líka til umfjöllunar umsóknir um þorskkvóta til áframeldis.

Líftækni

Faghópur í líftækni fjallar um verkefni sem tengjast sjávarlíftækni almennt, nýjum vinnsluaðferðum, nýju hráefni og öðru er tengist meira óhefðbundnu hráefni, vinnsluaðferðum og nýjum afurðum.

Markaðir

Faghópur í markaði metur umsóknir í samvinnu við aðra faghópa AVS og tekur til umfjöllunar verkefni sem tengjast markaðssetningu sjávarafurða, svo sem söluátaki á nýjum mörkuðum, markaðssetningu nýrra afurða eða markaðsrannsóknum.

Veiðar & vinnsla

Faghópur í veiðum & vinnslu, fjallar um verkefni sem tengjast sjávarfangi frá veiðum til vinnslu, ásamt búnaði og gæðum. Verkefni sem falla að þessum hóp geta verið veiðar á nýjum tegundum, veiðarfærarannsóknir, vinnsla nýrra tegunda, þróun búnaðar, rannsóknir á gæðum eða rekjanleika og margt fleira.

Umsækjendur velja sjálfir þann faghóp sem þeir telja að henti best til mats á umsókn.

Upplýsingar um mönnun faghópa eru að finna á heimasíðu sjóðsins

Umsókn til AVS

Nota skal eftirfarandi uppsetningu við umsóknaskrif, og fara í einu og öllu eftir þessari uppröðun efnis.

Eyðublað er að finna á heimasíðu AVS

Efnisyfirlit umsóknar:

1. Forsíða sem hefur að geyma allar grunnupplýsingar
2. Hvers vegna á AVS sjóðurinn að styrkja verkefnið?
3. Umsókn – lýsing á verkefni, verkþættir, kostnaðaryfirlit ofl.

1. Forsíða

1. **Heiti verkefnis (stutt en lýsandi – hámark 50 slög)**
 - a. Heiti verkefnis á íslensku
 - b. Heiti verkefnis á ensku
2. **Markmið verkefnisins (hámark 50 orð)**
 - a. Markmið verkefnisins á íslensku
3. **Val á faghóp**
 - a. Umsækjendur skulu tilgreina þann faghóp AVS sem óskað er eftir að meti verkefnið:
 - i. Fiskeldi
 - ii. Líftækni
 - iii. veiðar & vinnsla
 - iv. Markaðir
4. **Umsækjandi og samstarfsaðilar (skrá þarf alla þá sem koma að verkefninu)**
 - a. Nöfn einstaklinga, fyrirtækja og stofnanna. Tilgreina þarf hver er verkefnisstjóri verkefnisins, en hann er jafnframt ábyrgðarmaður.
 - b. Upplýsa þarf um þann aðila sem hefur bókhaldsumsjón með verkefninu.
 - c. Æskilegt er að verkefnisstjóri skili inn ferilskrá í sérstöku viðhengi.
 - d. Útfylla þarf töfluna hér að neðan fyrir alla þátttakendur verkefnisins

Verkefnisstjóri er jafnframt ábyrgðarmaður verkefnisins

Verkefnisstjóri eða meðumsækjandi			
Nafn		Kennitala	
Fyrirtæki		Sími	
Heimilisfang		GSM	
Póstnúmer		Netfang	
Staður		Land	

Ein tafla fyrir hvern þátttakenda í verkefninu

5. Kostnaðaryfirlit

Fylla þarf út eftirfarandi töflu:

Ártal	Eigið framlag	Sótt um til annarra	Sótt um til AVS	Heildar-kostnaður
Samtals				

Taka þarf fram ef verkefnið fær stuðning frá öðrum sjóðum eða ef ætlunin er að sækja um til annarra

Þetta er sá hluti umsóknarinnar sem hefur mest vægi. Matsmenn leggja fyrst mat á þennan hluta umsóknarinnar og forgangsraða umsóknum eftir þeirri einkunn sem fæst fyrir AVS og nýnæmi. Sjá nánar kaflann um mat á umsóknum.

2. Hvers vegna á AVS sjóðurinn að styrkja þetta verkefni?

6. Hvers vegna á AVS sjóðurinn að styrkja þetta verkefni?

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi hefur það markmið að styrkja verkefni sem auka verðmæti sjávarfangs. (Hámark 2 A4 síður lágmarks leturstærð 11 punktar)

Gerðu grein fyrir hvernig verkefnið mætir þessum markmiðum sjóðsins. Gerðu grein fyrir áætlaðri verðmætaaukningu í tölum ef hægt er annars með sannfærandi rökstuðningi. Æskilegt er að fram komi m.a. í þessum texta:

- Áhrif á aukið verðmæti sjávarfangs – líkindi á að verkefnið skili auknu verðmæti
- Afurð verkefnisins – ný/bætt framleiðsla, tækni, þjónusta, markaður, þekking o.s.frv.
- Hvernig er aukið verðmæti metið? – rökstuðningur eða reiknisaðferð
- Nýttist afurð verkefnisins íslenskum sjávarútvegi í heild sinni eða er afrakstur verkefnisins fyrst og fremst ávinningur fyrir umsækjanda / fyrirtæki

3. Umsókn

7. Almenn lýsing á verkefninu í heild (hámarks lengd 1.000 orð)

- Hver er staða þekkingar innlendrar og/eða erlendrar?
- Hver er staða einkaleyfa?
- Lýsa helstu verkþáttum
- Lýsa samstarfsaðilum og faglegu framlagi þeirra til verkefnisins
- Lýsa stjórnun verkefnisins, hver ber ábyrgð á verkefninu í heild, og hvernig er gert ráð fyrir verkaskiptingu (nánari lýsing í hverjum verkþætti fyrir sig)

Viðauki: Ef umsækjendur telja þörf á að koma frekari upplýsingum um verkefnið en rúmast innan 1.000 orða rammans þá er æskilegt að hafa þær upplýsingar í viðauka með umsókninni. Ef umsækjendur vilja skila inn viðskiptaáætlun þá er það að sjálfsögðu heimilt.

8. Verkþættir og vörður verkefnisins

Mjög mikilvægt er að skipta verkefninu í verkþætti þar sem gerð er grein fyrir þátttöku allra umsækjenda í hverjum verkþætti fyrir sig.

Taflan á hér fyrir neðan sýnir hvernig best er að sýna þátttöku samstarfsaðila í hverjum verkþætti. Lagt er til að hver verkþáttur sé hafður á einni síðu og efst á síðunni sé tafla sambærilegri þeirri sem er hér fyrir aftan. Ef þessi hluti umsóknar er ritaður með þessum hætti þá er mun auðveldara að meta verkefnið og framvindu þess.

Upphaf og lok þar er átt við nr. mánaðar í verkefninu t.d. mán. nr. 3 frá upphafi verkefnisins, það er ekki átt við mánuði ársins eins og t.d. mars 2010

Verkþáttur nr. (nafn á verkþætti)					
Upphaf: (hvaða mán. verkefnisins)			Lok: (hvaða mán. verkefnisins)		
Umsækjendur	Fyrirtæki 1	Fyrirtæki 2	Fyrirtæki 3	Fyrirtæki 4	Samtals
Fj. mannmán					
Samt. unnið					
Eftir að vinna					

Undir töflunni hér fyrir ofan þarf að gera nána grein fyrir verkþættinum, þ.e.

- Markmið verkþátta
- Lýsing á verkþætti og undirverkþáttum, hvað á að gera og hvernig.

- iii. Stjórnun, hér skal gera grein fyrir hver ber ábyrgð á verkþættinum og hver á að gera hvað.
- iv. Gerið grein fyrir kostnaði verkþáttarins hvað varðar aðföng, áætluð tímanotkun kemur fram í töflunni hér fyrir ofan.
- v. Afrakstur verkþáttarins (t.d. að hvaða niðurstöðu er stefnt?)
- vi. Munið að gera grein fyrir verkþætti sem tekur á kynningu, eða birtingu niðurstaðna, hvað á að birta, hvar og hvenær. AVS sjóðurinn gerir kröfu um að öll verkefni skili niðurstöðum sem má birta, sjá nánar í samningi.

Við lok verkefna er þess krafist að heimilt sé að birta meginniðurstöður verkefnisins á heimsíðu sjóðsins.

9. Tímaáætlun fyrir verkefnið í heild

Mikilvægt er að setja inn vörður fyrir verkefnið, þ.e. hvenær ákveðnum þætti verkefnisins er lokið, sem getur haft áhrif á framvinduna.

Æskilegt er að teikna mynd sem sýnir framgang verkefnisins í heild (t.d. Gantt-kort) sjá nánar í umsóknareyðublaði sem er að finna á vef AVS.

10. Yfirlit um kostnað og fjármögnun

Gera þarf grein fyrir hvernig kostnaður skiptist milli þátttakenda, mikilvægt er að nota töflu eins og hér fyrir neðan, en jafnframt er nauðsynlegt að skýra með orðum það sem fram kemur í töflunni.

- a. Setja þarf fram þátttöku annarra og hvort aðrir sjóðir, fyrirtæki eða einstaklingar leggi fé til verkefnisins og þá hve mikið.
- b. Koma þarf skýrt fram hve mikið er sótt um til AVS rannsóknasjóðs.
- c. Gerð er krafa um að séð sé fyrir endann á heildarfjármögnun verkefnisins eða þeim verkhluta, sem sótt er um styrk til.

Þátttakendur í verkefninu	Geining kostnaðar				Heildar-kostnaður Samtals	Sótt um samtals til AVS	Sótt um til annarra	Eigin fjármögnun
	Launakostn	Fjárfesting	Ferðakostn.	Aðkeypt þjónusta				
Fyrirtæki 1								
Fyrirtæki 2								
Fyrirtæki 3								
Fyrirtæki 4								
Samtals								

Sjóðurinn styður ekki kaup á tækjum eða búnaði. En hægt er að telja til kostnað vegna afskrifta sérhæfðra tækja og búnaðar sem afla þarf vegna verkefnisins.

Dæmi um kostnað vegna tækjakaupa: Keypt er tæki fyrir 1 m.kr sem afskrifast á 4 árum. Verkefnið er til 2 ára þannig að færa má til kostnaðar á verkefnið 250 þ.kr./ár í tvö ár.

11. Nýting niðurstaðna

- a. Gera þarf grein fyrir hverjir munu nýta sér niðurstöður verkefnisins og með hvaða hætti.
- b. Gera þarf grein fyrir birtingu niðurstaðna sbr. samning.
- c. Gera þarf grein fyrir hver mun eiga niðurstöðurnar og hvort ætla megi að þær geti orðið grundvöllur einkaleyfis.

12. Yfirlit yfir viðauka og fylgigögn

Heimilt er að senda öll þau gögn sem umsækjandi telur að geti nýst við mat á umsókn umfram það sem kemur fram í umsókninni sjálfri og skulu þau tilgreint hér.

Mikilvæg minnisatriði

1. Nauðsynlegt er að stilla lengd umsóknar í hóf. Umsókn um smáverkefni þarf ekki að vera eins viðamikil og umsókn fyrir stærri verkefni, en nauðsynlegt er þó að nota eyðublað AVS sjóðsins.
2. Ef umsókn er ekki unnin í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar og mikilvægar upplýsingar vantar þá verður umsókninni hafnað, án þess að gefa umsækjendum kost á að senda inn leiðréttingar eftir að umsóknarfrestur er liðinn.
3. Það verður ekki gefinn kostur á því að verkefnisstjórar geti mætt fyrir matsnefnd til að útskýra verkefnið nánar.
4. **Umsóknin verður eingöngu metin á grundvelli þeirra gagna sem afhent verða.**
5. Umsóknum skal skilað með tvennum hætti:
 - a. Senda skal umsókn ásamt öllum fylgiskjölum, ef einhver eru, sem viðhengi til avs@avs.is fyrir kl. 17:00 þann dag sem frestur rennur út.
 - b. Senda skal undirritað eintak, sem skal í öllum atriðum vera eins og rafræna eintakið til AVS rannsóknasjóðs, pósthólf 1188, 121 Reykjavík.

Vinsamlegast bindið EKKI aðsend gögn í möppur eða gorma.

Mat á umsóknum

Umsóknir verð metnar í tveimur skrefum þ.e. fyrri hluti umsóknar þar sem fjallað er um hvers vegna AVS sjóðurinn á að styrkja verkefnið verður metinn fyrst og þær umsóknir sem fá einkunn sem er hærrí en 7,5 í þeim hluta eiga möguleika á að fá fullnaðarmat.

Umsóknum verður forgangsraðað eftir einkunninni sem fæst fyrir fyrri hlutann og eingöngu sá fjöldi umsókna verður metinn að fullu sem sjóðurinn hefur bolmagn til að styrkja.

Í fyrri hluta matsins verður það metið hvernig umsóknin fellur að auknu verðmæti sjávarfangs ásamt nýnæmi. AVS hlutinn hefur vægið fjóra meðan nýnæmið hefur vægið tvo.

Í seinni hluta matsins verður lagt mat á markmið verkefnisins, lýsingu og stöðu þekkingar, verkáætlun og kostnaðaráætlun og hefur hver þessara þátta vægið einn.

Einkunn er reiknuð út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$((AVS \times 4) + (nýnæmi \times 2)) / 60 = \text{einkunn fyrir hluti}$$

$$(\text{markmið} + \text{lýsing} + \text{verkáætlun} + \text{kostnaðaráætlun}) / 40 = \text{einkunn seinni hluti}$$

Matsmenn hafa eftirfarandi textaleiðbeingar við einkunnargjöf:

Fyrri hluti mats:

AVS	0	20	40	60	80	100	Einkunn (vægi 4)
Líkur á að markmið umsóknar um AVS náist og að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð	Engar líkur á að AVS náist, engin aukin verðmæti fyrir íslenskan sjávarútveg	Litlar líkur á að AVS náist, rökstuðningur lítið sannfærandi, greinlega lítið bolmagn til að ná þeim árangri sem stefnt er að	Nokkrar líkur á að AVS aukist, aukin verðmæti til staðar væntingar full bjartsýnar og bolmagn að nokkru leyti til staðar	Góð rök og góðar líkur á að AVS náist, allnokkur verðmæti, bolmagn að mestu leyti til staðar	Ítarleg og trúverðug rök fyrir AVS, mikil verðmæti, bolmagn, og allar forsendur til staðar		

Nýnæmi	0	20	40	60	80	100	Einkunn (vægi 2)
Tækni / Ferlar / Afurð / Markaðir	Engin breyting	Nýtir þekkta tækni eða ferla á nýjan máta / hefðbundnar afurðir á þekkta markaði	Umbætur á þekktri tækni eða ferlum / lítið breyttar afurðir á þekkta markaði	Allnokkrar umbætur á þekktri tækni eða ferlum / nýjar eða nokkuð breyttar afurðir á þekkta og nýja markaði, þekktar afurðir á nýja markaði	Verulegar umbætur eða þróun á nýrri tækni, ferlum og afurðurm sem leiða til mikils verðmætaauka á þekktum og nýjum mörkuðum		

Seinni hluti mats:

Markmið	0	20	40	60	80	100	Einkunn (vægi 1)
Markmið og óvissa	Engin markmið	Óljós markmið, ekki ljóst að hverju er stefnt	Markmið mjög almennt og frekar óraunhæft, erfitt að meta við lok hvort markmið hafi náðst	Markmið almennt en nokkuð raunhæft, hægt að meta hvort markmið hafi náðst við lok verkefnis	Markmið skýrt og raunhæft, afrakstur skýr, auðvelt að meta hvort markmið verkefnisins hafi náðst		

Lýsing	0	20	40	60	80	100	Einkunn (vægi 1)
Lýsing og staða þekkingar	Engin	Takmörkuð lýsing á verkefninu og stöða þekkingar	Lýsing á verkefni ábótavant og staða þekkingar frekar rýr	Góð lýsing á verkefninu og staða þekkingar nokkuð góð	Mjög skýr lýsing á verkefninu og staða þekkingar mjög góð		

Verkátun	0	20	40	60	80	100	Einkunn (vægi 1)
Verkátun og vörður - aðferðarfræði / stjórnun verkefnisins	Engin	Verkátun óskýr, engir verkþættir og engar vörður, stjórnun og skipulag ekki til staðar	Verkátun ábótavant og erfitt að meta framvindu verkefnisins, vörður óskýrar eða vantar, stjórnun óljós	Verkátun nokkuð góð og mat á framvindu mögulegt, vörður til staðar, stjórnun nokkuð skýr	Verkátun mjög hnitmiðuð og vörður vel skilgreindar, auðvelt að meta framvindu, stjórnun og skipulag til fyrirmyndar		

Kostnaðar-áætlun	0	20	40	60	80	100	Einkunn (vægi 1)
Kostnaðar-áætlun og skýringar	Engin	Kostnaðar-áætlun óraunhæf og engar skýringar	Kostnaðar-áætlun frekar óljós og skýringum ábótavant	Kostnaðar-áætlun nokkuð raunhæf og skýringar að mestu leyti fullnægjandi	Mjög raunhæf kostnaðar-áætlun og trúverðugar skýringar á öllum kostnaðarliðum verkefnisins		

Samningur AVS og umsækjenda

Allir sem fá styrk hjá AVS rannsóknasjóði er gert að skrifa undir eftirfarandi samning. Einungis er farið fram á að verkefnisstjóri verkefnisins skrifi undir samninginn, en hann mun fyrir hönd þess fyrirtækis, stofnunar eða skóla sem hann starfar hjá bera fulla ábyrgð á faglegri framvindu verkefnis og fjármálum þess.

Samningur um styrkveitingu úr AVS rannsóknasjóði milli AVS rannsóknasjóðs og “Umsækjanda”

Hér eftir nefndir styrkþegar.

1. Heiti verkefnis:

Veittur er styrkur úr AVS rannsóknasjóði til verkefnisins að upphæð kr

2. Styrkur veittur

Umræddur styrkur er veittur af sjávarútvegsráðherra að fengnum tillögum stjórnar AVS rannsóknasjóðs til fjármögnunar á hluta kostnaðar við verkefni samkvæmt fylgiblaði I með samningi þessum. Ráðuneytið er ekki skuldbundið til að veita frekari styrki úr AVS rannsóknasjóði vegna sama verkefnis.

3. Um verkefnið

Umsókn styrkþega sem send var til AVS rannsóknasjóðs skoðast sem hluti sammings þessa að því er varðar:

1. Markmið
2. Verkáætlun
3. Skipulagningu og stjórnun – nöfn stjórnarmanna og verkefnisstjóra
4. Kostnað/fjármögnun með sundurliðun á styrkþega (umsækjendur)

Hafi stjórn AVS rannsóknasjóðs óskað eftir endurskoðun á verkáætlun og/eða kostnaðar- og fjármögnunaráætlun, skulu samþykktar endurskoðaðar áætlanir sem eru áritaðar af verkefnisstjóra verkefnisins skoðast sem hluti sammings þessa.

4. Skil á niðurstöðum

Upphafstími verkefnisins eða áfangans og skiladagur lokaskýrslu eða framvinduskýrslu er tilgreindur á fylgiblaði I.

Sé verkefninu eigi lokið fyrir tiltekinn skiladag, skal skriflega sótt um frest og gerð grein fyrir ástæðum. Ef framvindu- eða lokaskýrslu er ekki skilað fjórum mánuðum eftir umsaminn skiladag, verður verkefnið tekið til sérstakrar skoðunar. Hafi skýrslur ekki borist AVS rannsóknasjóði átta mánuðum eftir umsaminn eða samþykktan skilafrest, getur AVS rannsóknasjóðurinn tekið einhliða ákvörðun um að rifta samningi þessum. Veittur styrkur skal þá endurgreiddur sjóðnum.

Sækja skal um breytingu á skilafresti, eftafir verða í framvindu verkefnisins.

5. Skýrslugerð

Styrkþegi skuldbindur sig til að skila skýrslum samkvæmt fylgiblaði I. Sérhver skýrsla skal vera merkt númeri viðkomandi verkefnis, vera dagsett og undirrituð af verkefnisstjóra.

Mikilvægt er að skila skýrslum á réttum tíma.

6. Framvinda verkefnis og útborganir styrks

Greiðslur skulu vera í samræmi við greiðsluáætlun á fylgiblaði I, en eru háðar skilum á framvindu- eða lokaskýrslu árituðum af verkefnisstjóra.

Greiðslur skulu almennt vera tvær: 70% við undirritun samnings og 30% við skil á lokaskýrslu.

Styrkur vegna smáverkefna eða forverkefna skal greiddur í einu lagi við undirritun samnings með því skilyrði að í lok verkefnis verði skilað inn skýrslu til sjóðsins.

7. Bókhald og reikningsskil

Styrkþegi skal halda bókhald fyrir verkefnið, þar sem talinn er kostnaður vegna einstakra verkþátta, heildarkostnað verkefnisins og framlög þátttakenda. Verkefnisstjóri verkefnisins ber ábyrgð á að slíkt bókhald sé haldið.

Þegar um er að ræða samstarfsverkefni fleiri aðila, t.d. stofnana og/eða fyrirtækja, skal fylgja verkbókhaldi verkefnisstjóra greinargerð og/eða yfirlit frá hverjum þátttakenda þar sem fram kemur staðfest framlag hvers þeirra til verkefnisins.

Við verklok skal skila reikningsyfirliti til sjóðsins um heildarkostnað og fjármögnun verkefnisins. Reikningsyfirlitið er hluti af lokaskýrslu verkefnisins. AVS rannsóknasjóðurinn áskilur sér rétt til að láta löggiltan endurskoðanda kanna bókhaldsgögn vegna verkefnisins og sannreyna hvort notkun styrksins sé í samræmi við upphafleg markmið og forsendur verkefnisins og hvort framlög þátttakenda hafi verið í samræmi við samning þennan.

8. Birting á niðurstöðum

Niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem styrkt eru skulu almennt birtar og vera aðgengilegar almenningi og væntanlegum notendum niðurstöðanna nema um annað sé samið. Stefnt skal að því að birta niðurstöður eins fljótt og hægt er.

Ef ætlunin er að vernda eignarétt/höfundarétt eða selja öðrum nýtingarrétt á niðurstöðum, má sækja um frestun á birtingu í allt að þrjú ár. Heimilt er að framlengja þann frest um 12 mánuði.

Tilgreint skal í allri umfjöllun um verkefnið og niðurstöður þess að verkefnið hafi hlotið styrk úr AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi.

9. Eignaréttur, hagnýtingarréttur og leyfisveiting

Leiði niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem notið hafa stuðnings AVS rannsóknasjóðs til umtalsverðra nýjunga er leitt geta til vísindalegs, tæknilegs eða efnahagslegs ávinnings sem eigi að vernda að mati styrkþega, ber verkefnisstjóra að kynna það fyrir sjávarútvegsráðuneyti og stjórn AVS rannsóknasjóðs.

Hvatt er til þess að þátttakendur í rannsóknaverkefnum geri samning sín á milli um eignar- og nýtingarrétt á niðurstöðum.

Fjármál hvers verkefnis skulu skýrt afmörkuð, þannig að auðvelt sé að skoða kostnað verkefnisins.

Allar skýrslur og greinargerðir verða birtar á heimasíðu AVS. Ganga þarf frá samkomulagi ef fresta á birtingu.

Ef ekki er um annað samið þá eiga styrkþegar niðurstöður og afrakstur verkefna í hlutfalli við framlag hvers og eins.

10. Breytingar á áætlun

Upplýsa skal stjórn AVS rannsóknasjóð skriflega um allar meiri háttar breytingar á tímaáætlunum, samstarfsaðilum, verk- og fjármögnunaráætlunum vegna verkefnisins og skulu þær samþykktar af stjórn sjóðsins. Ónotaður styrkur eða styrkhluti í verkefni þar sem forsendur hafa breyst verulega og sjóðsstjórn getur ekki samþykkt rennur aftur til sjóðsins. Upplýsa skal um minni háttar breytingar í framvinduskýrslum.

Ef verkefnið er ekki unnið og niðurstöðum ekki skilað, ber að endurgreiða styrkinn.

11. Ábyrgð

Sjávarútvegsráðuneytið og stjórn AVS rannsóknasjóðs bera hvorki ábyrgð á slysum eða tjónum sem kunna að leiða af framkvæmd verkefnisins eða rangri notkun á tækjum, búnaði, niðurstöðum eða ráðgjöf sem verkefninu tengjast né á starfsmannamálefnum sem upp kunna að koma í tengslum við verkefnið.

12. Um ágreining

Verði ágreiningur milli samningsaðila um framkvæmd eða túlkun samnings þessa, skulu aðilar leitast við að jafna hann með viðræðum. Takist það ekki skal honum skotið til gerðardóms þriggja manna sem skipaður er einum fulltrúa frá hvorum aðila og oddamanni sem aðilar koma sér saman um eða sem Hæstiréttur skipar komi aðilar sér ekki saman um oddamann.

Gerðardómur skal starfa samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma og er úrskurður hans bindandi fyrir báða aðila.

Dagsetning

F.h styrkþega

F.h. AVS rannsóknasjóðsins

Fylgiblað I
með samningi milli AVS rannsóknasjóðs og styrkþega

Heiti verkefnis:

Tilvísunarnúmer: *Númer styrks*

Upphaf verks: *Dagsetning*

Verkefnisstjóri:

Bókhaldsumsjón:

Banki:

Reikningsnúmer:

Kennitala:

Útborganir:

	Dagsetning	Upphæð kr
Við undirritun samnings		
Við skil á framvindu- eða lokaskýrslu		
Samtals		

Verkefnisstjóri hefur kynnt sér meðfylgjandi samning og samþykkir að leitast við að ná settum markmiðum verkefnisins, halda kostnaðaráætlun og uppfylla skyldur verkefnisstjóra.

Staður og dagsetning

Undirskrift verkefnisstjóra.

Skil á niðurstöðum

Það er mjög mikilvægt að verkefnisstjórar skili inn skýrslum til sjóðsins þegar verkefnum er lokið og að skýrslum sé skilað á réttum tíma samkvæmt samningi.

Tilraunaskýrslur

Þetta eru skýrslur sem verða til í stærri verkefnum þar sem unnar eru margar meira og minna sjálfstæðar tilraunir eða sjálfstæðir verkþættir. Við uppsetningu þessara skýrslna skal **miðað við** leiðbeiningar á bls 22

Lokaskýrsla

Lokaskýrslan er í raun allar tilraunaskýrslurnar settar saman í eina og **fara skal** eftir leiðbeiningum á bls. 22


Framvinduskýrslur (framhaldsumsókn)

Þessar skýrslur eiga eingöngu við þegar um 2-3 ára verkefni er að ræða og þá skal nota umsóknina sem grunn og fara eftir leiðbeingum um framhaldsskýrslur á bls. 24

Lokamatsskýrsla

Þessi skýrsla er í raun lokaframvinduskýrslan það er umsóknin með viðbættum texta í öðrum lit, þar sem farið er í gegnum alla verkþætti og þeir gerðir upp í tíma og framkvæmd. Það á ekki að fara djúpt í niðurstöður, það er gert í lokaskýrslunni. Gera skal upp verkefnið og svara nokkrum spurningum um útkomuna (lokamat). Að síðustu skal gera upp fjármál verkefnisins og greina frá í hvað styrkurinn fór og hvað hver þátttakandi fékk í sinn hlut. Sjá nánar á bls. 25

Myndin hér fyrir neðan sýnir hvaða gögnum skal skila til sjóðsins á líftíma verkefnisins og þegar verkefni er lokið. Þetta á líka við um smáverkefni.



Tilrauna- og lokaskýrslur

Æskilegt er að skýrslum sé skilað samkvæmt eftirfarandi leiðbeingum.

Skýrslum skal skipt í eftirfarandi kafla:

1. Skýrsluágríp (Summary) á íslensku og á ensku.
2. Efnisyfirlit (Contents), inngangur byrjar á bls. 1.
3. Inngangur (Introduction)
4. Framkvæmd (Material & Methods)
5. Niðurstöður (Results)
6. Umræða og ályktanir (Discussion & Conclusion)
7. Þakkarorð (Acknowledgements) - ef við á.
8. Heimildir (References)

Skýrslum má skila á ensku

Skýrsluágrípi á ensku má sleppa í smærri verkefnum og það er heldur ekki nauðsynlegt að fylgja þessu efnisyfirliti að öllu leyti í smáverkefnum.

Skýrsluágríp

Á eftir forsíðu skýrslna AVS kemur skýrsluágrípið á íslensku og ensku (í smærri verkefnum má sleppa enskunni). Ágrípið sem á að vera á íslensku og ensku skal ekki vera meira en 400 orð. Með ágrípinu er einnig skráð verknúmer AVS og aðrir styrktaraðilar o.fl.

Í ágrípinu er gerð stutt grein fyrir verkefninu, hvaða ávinningi það skilaði og helstu niðurstöðum og eingöngu fjalla um það sem stendur í skýrslunni.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit skýrslunnar skal vera á sérstakri síðu og skal vera samræmi á milli kaflaheita og blaðsíðutals.

Inngangur

Í inngangi er greint frá markmiði og forsendum verkefnisins eða rannsóknarinnar. Þá er gerð grein fyrir þekkingu sem fyrir liggur um þetta tiltekna efni, sem unnið er að í verkefninu. Vitnað er í aðrar greinar, skýrslur eða einkaleyfi þannig að gera megj sér glögga grein fyrir því hvað vitað er um málið og hvað ekki.

Framkvæmd

Almennt skal miðað við að framkvæmd verkefnisins sé það vel lýst að annar aðili geti síðar endurtekið tilraunina eða verkefnið, en þegar um rannsóknaverkefni er að ræða þá þarf að lýsa aðferðum þannig að þær standist hinar almennu vísindalegu kröfur.

Niðurstöður

Í niðurstöðukaflanum er gert ráð fyrir því að ræða aðeins um niðurstöður eigin tilrauna og ekki blanda þeim á neinn hátt saman við niðurstöður annarra. Hafa ber í huga að myndræn framsetning þ.e. skýringarmyndir, línurit og töflur segir oft meira en mörg orð.

Umræða og ályktanir

Í þessum kafla eru eigin niðurstöður og afrakstur verkefnisins ræddur í samhengi við það sem aðrir hafa fundið. Þess skal gætt að draga ekki meiri ályktanir í textanum en gögnin gefa tilefni til. Einnig getur umræðukaflinn verið kjörinn vettvangur til að fjalla um nauðsyn á frekari tilraunum eða rannsóknum, koma fram með tilgátur og kenningar, benda á veikleika í röksemdum annarra o.s.frv.

Nauðsynlegt er að fara yfir lokamatsspurningarnar á bls. 25 og flétta svör við flestum þeirra inn í þennan kafla skýrslunnar.

Þakkarorð

Ljúka skal skýrslunni með því að þakka helstu samstarfsaðilum og öllum styrkveitendum.

Heimildir

Erfitt er að gefa nákvæma formúlu fyrir notkun heimilda. Hins vegar eru heimildirnar liður í rekjanleika og miða að því að sýna fram á að viðurkenndar aðferðir hafi verið notaðar í verkefninu / rannsókninni. Og að þeim sem hafa lagt til verkefnisins þekkingu séu viðurkenndir og hægt sé að nálgast sömu þekkingu og þeir sem unnu að verkefninu.

Fréttir á heimasíðu AVS (www.avs.is)

Mikilvægt er að framvinda og niðurstaða verkefna sé sýnileg með því að birta fréttir af verkefnum AVS. Allir verkefnisstjórar eru því hvattir til að senda reglulega fréttir af verkefnum sínum og við lok verkefna er þess krafist að verkefnisstjóri skili inn frétt á sama tíma og skýrslu er skilað.

Almennt er gengið út frá því að skýrslur séu birtar á vefnum, en hægt er að sækja um frest á opinberri birtingu (sjá samning), en án undantekningar skal birta frétt um verkefnið.

Skila skal öllum skýrslum og fylgigögnum rafrænt á netfangið avs@avs.is

Skila skal einu prentuðu eintaki á pósthólfi:

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

Pósthólf 1188

121 Reykjavík

Framvinduskýrslur = framhaldsumsókn

AVS sjóðurinn veitir aldrei styrki til lengri tíma en eins árs í senn, en verkefnin geta spannað lengri tíma eða allt að þrjú ár. Þar af leiðandi þá þarf að sækja um nýjan styrk ár hvert og þá skal skila inn framhaldsumsókn.

Framhaldsumsókn

Ætlast er til að eldri umsókn sé skilað aftur í heild sinni. Samanber leiðbeiningar hér fyrir framan þá skal hver verkþáttur vera á a.m.k. einni síðu og efst á þeirri síðu skal vera tafla sambærilegri töflunni hér fyrir neðan. Þegar framhaldsumsókn er skrifuð þá skal greina frá hversu miklum tíma hefur verið varið í verkþáttinn og hversu mikill tími mun vera eftir til að ljúka honum.

Fyrir neðan töfluna skal greina frá því sem hefur verið unnið, ásamt helstu niðurstöðum. Þessi texti skal skrifaður með öðru letri og lit svo auðvelt sé að sjá hverjar viðbæturnar eru.

Verkþáttur nr. (nafn á verkþætti)					
Upphaf: (hvaða mán. verkefnisins)			Lok: (hvaða mán. verkefnisins)		
Umsækjendur	Fyrirtæki 1	Fyrirtæki 2	Fyrirtæki 3	Fyrirtæki 4	Samtals
Fj. mannmán					
Samt. unnið					
Eftir að vinna					

Hér til hliðar má sjá dæmi um uppsetningu á verkþáttum:

Einn verkþáttur á að minnsta kosti einni blaðsíðu.

Texti úr umsókn svartur, en nýr texti í framhaldsumsókn sem segir frá framvindu er að annarri gerð og öðrum lit.

Verkþáttur 1: (Nafn á verkþætti)					
Upphaf: (hvaða mán. verkefnisins?)			Lok: (hvaða mán. verkefnisins?)		
Umsækjendur	Fyrirtæki 1	Fyrirtæki 2	Fyrirtæki 3	Fyrirtæki 4	Samtals
Fj. mannmán	5	2	5	1	13
Samt. unnið	2	0	3	0	5
Eftir að vinna	3	2	2	1	8

The following text is a placeholder for the content of the example table, which is mostly illegible due to low resolution and redaction. It appears to be a detailed report or table of data related to the project.

Lokamatsskýrsla

Þessi skýrsla er í raun framvinduskýrsla (umsókn) með eftirfarandi viðbótum:

Lokamat

Mikilvægt er að verkefnisstjórar reyni eftir fremsta megni að svara eftirfarandi og draga fram niðurstöður verkefnisins í anda eftirfarandi spurninga eins og við á hverju sinni:

1. Hver er afurð verkefnisins (þekking, ný framleiðsla, vara, markaður o.s.frv.)?
2. Er afurðin einkaleyfishæf?
3. Þarf að huga að eignarétti?
4. Hvað verður gert við afurðina?
5. Stóðust áætlanir um afurð verkefnisins?
6. Stóðst verkefnið tímaáætlun?
7. Stóðst verkefnið fjárhagsáætlun?
8. Stóðst verkefnið framkvæmdaáætlun, var allt gert sem átti að gera?
9. Var afrakstur verkefnisins sá sami og vænst var í upphafi (markmið vs. niðurstöður)?
10. Hvað kostaði verkefnið?

Fjármálaupplýsingar (vísa í samning)

Fylgja þarf lokamatsskýrslunni greining á skiptingu kostnaðar, í hvað fóru peningarnir og til hverra. Hver þátttakandi skal skila töflu með eftirfarandi upplýsingum, undirrituðum af ábyrgðarmanni hvers fyrirtækis (fjármálastjóra). Síðan verður verkefnisstjóri að skila einni samantektartöflu fyrir allt verkefnið.

Allir skráðir þátttakendur verkefnisins, sem tilgreindir voru í umsókninni verða að skila þessum gögnum og skiptir það engu máli þó viðkomandi hafi ekki þegið hluta af styrk AVS.

Kostnaðaruppgjör verkefnis (heiti+tilvísunarnúmer):_____

Fyrirtæki/Stofnun/Skóli:_____

Laun (heildarlaun)	kr	Fj. klst og fj. mannmán.
Fjárfesting	kr	Hvaða?
Ferðakostnaður	kr	Hvert farið?
Aðkeypt þjónusta	kr	Hvaða?
Samtals	kr	100%
Styrkur frá AVS	kr	%
Styrkur frá öðrum*	kr	%
Eigin fjármögnun	kr	%

* Ef styrkur frá öðrum en AVS fæst til verkefnisins þá ber að geta þess sérstaklega og hversu há sú upphæð er og frá hverjum.

Til minnis við skil á gögnum til AVS sjóðsins:**1. Umsókn**

- a. Umsókn útfyllt samkvæmt leiðbeingum sjóðsins
 - i. Rafræn skil á netfangið avs@avs.is
 - ii. Sömu gögn útprentuð send á:
AVS rannsóknasjóð í sjávarútvegi
Pósthólf 1188
121 Reykjavík

2. Framhaldsumsókn

- a. Umsókn send aftur með aðgreindum viðbótum í verkþáttum sjá leiðbeiningar bls 24
- b. Tilraunaskýrslur
 - i. Rafræn skil á netfangið avs@avs.is
 - ii. Sömu gögn útprentuð send á:
AVS rannsóknasjóð í sjávarútvegi
Pósthólf 1188
121 Reykjavík

3. Lokaskýrsla

- a. Umsókn send aftur þar sem gerð er grein fyrir öllum verkþáttum
- b. Lokaskýrsla samkvæmt leiðbeiningum á bls.22
- c. Lokamarsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum á bls.25
- d. Fréttatilkynning ásamt mynd til birtingar á vef sjóðsins
 - i. Rafræn skil á netfangið avs@avs.is
 - ii. Sömu gögn útprentuð send á:
AVS rannsóknasjóð í sjávarútvegi
Pósthólf 1188
121 Reykjavík

Það er ekki hægt að ganga frá uppgjöri verkefnis fyrr en öll gögn eru komin til skila.

